

**Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, um skyldu óskilgetinna barna til að ala önn fyrir föður sínum.** 55  
16. apríl

Oddviti Engihlíðarhrepps hefir skotið til ráðuneytisins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 12. febr. þ. á., sem ákveður, að óskilgetin börn Vermundar Guðmundssonar frá Núpi skuli eigi skyld að framfæra hann.

Það verður að telja viðurkennt í málinu, að börn þessi, sem eru fædd áður en lög nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, öðluðust gildi, verði eigi samkvæmt eldri lögum eða 14. gr. fátækralaganna skylduð til að framfæra nefndan föður sinn. Nýmæli laga nr. 46, 27. júní 1921, taka nú aðeins til þeirra barna, sem fæðast eftir að löggin gengu í gildi, nema öðruvísi sje látið ummælt í lögnum sjálfum. Í þessu máli er það ákvægi 23. gr. laganna, sem er um að ræða. Í þeirri grein er það nýmæli, að óskilfenginn faðir sje jafnt sem skilfenginn skyldur til að halda börnum sínum, sem komin eru yfir 16 ára aldur, frá sveit, sje hann aflögufær, og í 2. málsgrein 23. gr. er skylda óskilgetins barns gagnvart föður gagnkvæm. Samkvæmt 44. gr. fer framfærsluskylda föður gagnvart óskilgetnu barni hans fæddu áður en löggin gengu í gildi eftir áðurgildum lögum og skylda barnsins gagnvart föðurnum er gagnkvæm, samkvæmt nefndri málsgrein 23. gr.

Þar sem úrskurður yðar er því rjettur, á hann að vera óhaggaður.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til frekari birtingar fyrir nefndum oddvita.

**Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til borgarstjórans í Reykjavík um aðgang móður að dvalarsveit sinni fyrir meðlagi með óskilgetnu barni.** 56  
11. sept.

Samkvæmt úrskurði um meðlag barnsföður nokkurs með óskilgetnu barni hans, fæddu 6. ágúst 1923, hefir móðir barns þessa krafist greiðslu meðlagsins fyrir fyrra misseri meðlagsársins af dvalarsveit sinni Reykjavíkurbæ og fengið fúlguna þessa greidda á fyrsta degi misserisins. Með brjefi dags. s. d. báðuð þjer, herra borgarstjóri, sýslumanninn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu að innheimta fúlguna hjá framfærslusveit barnsföður, en sýslumaður synjaði þess